veita samþykki mitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Dýrastöðum að prestsetrinu Hvammi, gegn því að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað. 128 2. desbr.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Samþykkt

um

afnám fiskiveiðasamþykktar. 129 28. nóvbr.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desember 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

Samþykkt
um
afnám samþykktar um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxafióa,
dags. 17. febr. 1897.

Samþykkt um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxaflóa, dags. 17. febr. 1897, er hjermeð úr gildi numin.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni, til þess hún öðlist gildi þann dag, þegar 7 dagar eru liðnir frá þeim degi, er það tölublað kemur út af Stjórnartíðindunum B, er samþykktin birtist í.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 28. nóvbr. 1901.

J. Havsteen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum í Skagafjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland. 130 14. nóvbr.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir
Styrktarsjóð handa ekkjum í Skagajarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist »Ekknasjóður hins skagfirzka kvenfjelags, og er stofnaður með 100 — eitt hundrað — krónu gjöf frá fjelaginu.